

Minnisblað
Í skugga valdsins
#Metoo

Eva Hrunn Einaradóttir
Halla Margrét Tryggvadóttir
Andri Teitsson

Formáli

Þann 12. desember 2017 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar að fela bæjarráði að skipa starfshóp til að útbúa verkferla/viðbragðsáætlun vegna ofbeldis, áreitnis og/eða kynferðislegrar áreitni sem kjörnir fulltrúar kunna að verða fyrir í störfum sínum fyrir bæinn. Eins átti þessi starfshópur að yfirfara siðareglur og nýliðafræðslu kjörinna fulltrúa. Á fundi sínum þann 11. janúar 2018 skipaði bæjarráð bæjarfulltrúana Evu Hrund Einarsdóttur, Silju Dögg Baldursdóttur og Eirík Björn Björgvinsson bæjarstóra í starfshópinn. Í júní 2018 voru þau Halla Margrét Tryggvadóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og Andri Teitsson bæjarfulltrúi skipuð í starfshópinn þar sem Silja og Eiríkur höfðu látið af störfum fyrir Akureyrarbæ og var þá Eva Hrund jafnframt skipuð formaður starfshópsins.

Fyrri starfshópurinn fundaði þrisvar sinnum og kallaði m.a. Sigurð Kristinsson, formann siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og prófessor við Háskólann á Akureyri til fundar til að ræða hugmyndir hópsins.

Seinni starfshópurinn fundaði átta sinnum og hélt tvo vinnufundi með bæjar- og varabæjarfulltrúum. Ingunn Helga Bjarnadóttir ráðgjafi hjá Símei var fengin til þess að stýra vinnufundunum og sat einnig nokkra fundi með starfshópnum.

Í ágúst 2018 fól bæjarstjórn starfshópnum að endurskoða siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í heild sinni og þá sérstaklega þann hluta er snýr að hagsmunaárekstrum. Eins var eftir umræður í vinnuhópum ákveðið að búa til verkferla/viðbragðsáætlanir er snúa að fleiri þáttum í störfum kjörinna fulltrúa heldur en þá er snúa að #metoo.

Verkefni

Eftir umræður kom starfshópurinn sér saman um að mikilvægt væri að fara í eftirfarandi verkefni:

1. Siðareglur kjörinna fulltrúa endurskoðaðar í heild sinni og lögð áhersla á að skýrt sé að þær taki til kynbundinnar- og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis.

Starfshópurinn kynnti sér siðareglur annarra sveitarfélaga sem og að umræða um siðareglurnar var tekin á vinnufundi með bæjarfulltrúum. Í kjölfarið eru lagðar til þó nokkrar breytingar á siðareglunum.

Lagt er til að bætt sé inn atriðum er snúa að framkomu, starfsháttum og heiðarleika. Að áhersla sé lögð á að kjörnir fulltrúar skapi heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hafnað sé hvers

konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ógnandi eða annarri vanvirðandi framkomu. Að í siðareglum sé komið inn á að trúnaður um ummæli á lokuðum fundum sé virtur.

Bæjarfulltrúar eru stundum að taka við gjöfum vegna starfa sinna og er því lagt til að það komi fram í siðareglunum að það sé leyfilegt en þó megi ekki þiggja gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning frá íbúum og viðskiptavinum Akureyrarbæjar eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu bæjarins, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda. En það er jafnframt lagt til að bæjarfulltrúum beri að fylla út hagsmunaskráningu um allar þær gjafir sem kjörinn fulltrúi þiggur vegna starfa sinna.

Starfshópurinn leggur einnig til að í siðareglum komi fram að kjörnir fulltrúar megi ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt sem hefur þann tilgang að verða til hagsmunalegs ávinnings fyrir kjörna fulltrúann, né aðila, ákveðinn hóp eða fyrirtæki nátengt honum. Að lokum leggjum við til að það komi fram hvernig miðlun siðareglna sé til kjörinna fulltrúa og almennings. Starfshópurinn hefur því gert drög að nýjum siðareglum til samþykktar fyrir bæjarstjórn.

2. Samskiptasáttmáli kjörinna fulltrúa gerður og lagður fyrir til samþykktar í bæjarstjórn og nefndum.

Einn af þeim þáttum sem konur í pólitísku umhverfi hafa kvartað yfir eru samskiptahættir. Það er því tillaga hópsins eftir samráð við kjörna fulltrúa Akureyrarbæjar að samskiptasáttmáli verði samþykktur. Það er gert til þess að bæta starfsumhverfi enn frekar, gera vettvanginn aðlaðandi fyrir bæði kynin og skapa frekara traust almennings á stjórnámálum. Starfshópurinn var á því að mikilvægt væri að fá sjónarmið allra bæjar- og varafulltrúa við gerð sáttmálans og fengu þeir því tækifæri á að koma með innlegg í þessa vinnu á vinnufundi sem var haldinn.

3. Tekin verði upp hagsmunaskráning bæjar- og varabæjarfulltrúa

Starfshópurinn leggur til að bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar fylli út hagsmunaskráningu sem verði opin almenningi. Þetta sé mikilvægur þáttur í gagnsæi og því að skapa trú og traust á stjórnámálamönnum. Það yrði á ábyrgð hvers og eins að fylla út þessa skráningu. Hópurinn er búinn að útbúa verklagsreglur og hagsmunaskráningaform sem hann leggur til að verði lagt til samþykktar fyrir bæjarstjórn og í framhaldinu verði formið sett upp inni í íbúagáttinni fyrir bæjarfulltrúa til útfyllingar. Lagt er til að bæjar- og varabæjarfulltrúar

verði búnir að fylla þetta út innan þriggja mánaða frá kosningum. Eins muni þeir uppfæra skráninguna eins og tilefni er til.

4. Skipulögð móttaka fyrir nýkjörna fulltrúa og gerður tékklisti þess efnis.

Eiríkur fv. bæjarstjóri setti þessa vinnu af stað vorið 2018 og var hún komin eitt hvað áleiðis fyrir síðustu kosningar. Stjórnsýslusvið er með þetta verkefni og er stefnt að því að þessari vinnu ljúki innan þessa árs. Starfshópurinn telur einnig mikilvægt að bætt sé upplýsingagjöf til nýkjörinna fulltrúa varðandi almenn atriði og stefnt er að því að útbúa staðlaðan tölvupóst er sendur verður nýkjörnum fulltrúum strax eftir hverjar kosningar.

5. Fræðsla fyrir kjörna fulltrúa verði skipulögð jafnt og þétt yfir kjörtímabilið. Haldin verði skipulögð nýliðanámskeið fyrir bæjarfulltrúa og nefndarfolk þar sem sérstaklega er tekið á kynbundinni- og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi. Einnig verði sérstök kennsla í fundarstjórn og unnið með sérstakan stuðning við formenn nefnda.

Starfshópurinn leggur til að haldið verði fundarstjórnunarnámskeið í upphafi hvers kjörtímabils og oftast ef þörf er á. Mjög mikilvægt er að formenn og varaformenn sækja námskeiðið en æskilegt er að námskeiðið sé opið bæjarfulltrúum, nefndarfulltrúum og embættismönnum. Mikilvægt er að námskeiðið sé sérstakið að pólitísku umhverfi og lögð sé áhersla á atriði samskiptasáttmálans. Eins er mikilvægt að á hverju kjörtímabili séu námskeið er snúa að #metoo.

Starfshópurinn réðst í það sl. haust að halda námskeið um #metoo og fundarstjórnun. Þorsteinn V. Einarsson var með námskeið undir yfirskriftinni leikreglur karlmennskunnar. Svanfríður Jónasdóttir ráðgjafi frá Ráðrík var með námskeið í fundarstjórnun.

6. Verkferlar/viðbragðsáætlanir

Eftir umræður í starfshópi og á vinnufundum þá var niðurstaða að gerðir yrðu fimm verkferlar.

1. Óviðeigandi framkoma pólitísku fulltrúa
2. Pólitískur fulltrúi verður fyrir eða verður uppvís að áreiti
3. Starfsmaður virðir ekki ábyrgðarmörk
4. Pólitískur fulltrúi virðir ekki ábyrgðarmörk
5. Kjörinn fulltrúi sinnir ekki skyldum sínum

Í þessum ferlum var lögð áhersla á að fram kæmi hvert skyldi leita ættu upptalin atvik sér stað. Hvert væri hlutverk þeirra sem ætti að leita til og að myndaður væri ferill að niðurstöðu máls.

Eins er lögð hersla á mikilvægi þess að skrásetja hvert skref í ferlunum og leitað sé eftir gögnum til stuðnings. Lagt er til að gögn málanna verði varðveitt í skjalakerfi Akureyrarbæjar sem trúnaðarmál.

7. Kjörnun fulltrúum verði gert kleift að leita til fagfólks s.s. sálfræðings á kostnað Akureyrarbæjar komi upp atvik vegna starfa þeirra á vegum bæjarins er kalla á þá þörf.

Starfshópurinn leggur til að kjörnir fulltrúar eins og annað starfsfólk bæjarins fái aðgang að fagþjónustu komi upp atvik er kalli á þá þörf. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar séu upplýstir um að þeim standi það þá til boða og það sé gert með vitund og samþykki forseta bæjarstjórnar, bæjarstjóra eða sviðsstjóra stjórnslusviðs.

8. Skoðað verði að kosnir verði trúnaðarmenn kjörinna fulltrúa

Starfshópurinn leggur til að beðið verði með þetta verkefni og fyrst verði reynt á aðra þá þætti sem hér í skýrslunni eru nefndir og þörfin metin á kjörtímabilinu. Ef farið verður þá leið að kjósa trúnaðarmenn er afar mikilvægt að þeir aðilar verði upplýstir um hlutverk sitt og að þeir fái þjálfun og fræðslu þess efnis.

9. Áskorun verði komið til Sambands íslenskra sveitarfélaga um að siðanefnd Sambandsins endurskoði leiðbeiningar um gerð siðareglna og taki þar inn þætti er snúa að #metoo. Eins að leiðbeiningar verði gerðar komi þess konar atvik upp hjá kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna.

Starfshópurinn hefur verið í samskiptum við Sigurð Kristinsson formann siðanefndar sambandsins og hann tekið vel í þær ábendingar sem við höfum komið með. Ekki hefur verið sent formlegt erindi þessa efnis og því leggur starfshópurinn til að bæjarstjóra verði falið það verkefni.

10. Áskorun verði komið til Sambands íslenskra sveitarfélaga um að fjallað verði sérstaklega um #metoo á sveitarstjórnarstiginu á landsþingum sambandsins.

Eiríkur B. Björgvinsson fv. bæjarstjóri hafði samband við sambandið á sínum tíma og bar þessa ósk fram. Starfshópurinn var því mjög ánægður að sjá að þessum þætti hafi verið

gefinn sess á síðasta landsþingi sambandsins. En mikilvægt er að halda þessari umræður áfram og því ekki úr vegi að ítreka þörfina á þessari umræðu við sambandið.

Niðurlag

Starfshópurinn telur sínu hlutverki lokið með skilum á ofangreindu nema bæjarstjórn óski annars og vonar að þessi vinna nýtist sem best og þessum verkefnum verði fylgt áfram eftir og þeim sinnt af kostgæfni. Starfshópurinn taldi mikilvægt í vegferð þessari að sjónarmið allra bæjarfulltrúa kæmu fram og var starfshópurinn afar ánægður með það framlag sem kom á vinnufundunum tveimur. Niðurstöður þeirra funda fylgja hér með.